

Miðvikudaginn 12. júní 1957.

Nr. 69/1956. **Knattspyrnufélag Reykjavíkur**

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Jóni Á Ketilssyni (Áki Jakobsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1956. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Slys það, er í málinu greinir, má að nokkru rekja til skorts á fullnægjandi öryggisbúnaði við byggingaframkvæmdirnar. Gisli Halldórsson, sem var formaður íþrótaheimilisnefndar áfrýjanda og er sérfróður um byggingamálefni, hafði „stöðugt eftirlit með byggingaframkvæmdum“ þessum. Að svo vöxnu máli þykir áfrýjandi að þessu leyti eiga að bera fébótaábyrgð vegna slyssins.

Hins vegar er á það að líta, að stefndi hagaði sér mjög ógætilega, þegar slysið varð, og þykir eftir atvikum rétt að skipta sök þannig, að hvor málsaðilja beri helming tjóns þess, er stefndi hlaut vegna slyssins.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 4.500.00 fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Knattspyrnufélag Reykjavíkur, ber að helmingi fébótaábyrgð á tjóni því, er stefndi, Jón Á. Ketilsson, hlaut vegna framangreinds slyss.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 4.500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Ég tel rétt að skipta sök í máli þessu þannig, að áfrýjandi beri 40% tjónsins, en stefndi sjálfur 60%. Að öðru leyti er ég samþykkur dóminum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. f. m., hefur Jón Á. Ketils-son trésmiður, Sörlaskjólí 7 hér í bæ, höfðað á bæjarþingi Reykja-víkur með stefnu, útgefinni 23. febrúar 1954, gegn Knattspyrnu-félagi Reykjavíkur hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 131.970.00 með 6% ársvöxtum frá 24. júlí 1952 til greiðslu-dags, og málskostnaðar að mati dómarsins.

Eftir ósk lögmannna aðilja ákvað dómurinn með skírskotun til 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, að málinu skyldi skipt, og var það nú einungis flutt um skaðabótaskyldu stefnda.

Hefur stefnandi í þessum þætti málsins krafizt þess, að felld verði á stefnda óskoruð fébótaábyrgð á tjóni því, er hann beið vegna síðargreinds slyss. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi hefur í þessum hluta málsins aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að fébótaábyrgðinni verði skipt að mati dómsins.

Málsatvik eru þessi:

Sumarið 1952 stóð yfir bygging íþróttahúss við Kaplaskjólsvog hér í bænum. Lét stefndi byggja hús þetta og er eigandi þess. Meginhluti byggingarinnar er járnklæddur skáli með göflum úr steini. Er skáli þessi í lögun líkastur tunnu, sem hlutuð hefur verið sundur að endilöngu og lögð á hvolf, og svipar að því leyti mjög til herskála þeirra, sem reistir voru víða um landið á styrjaldarárunum, en er þó til muna stærri en þeir voru almennt. Af teikningum af skálanum, sem liggja fyrir í málinu, virðist hann vera yfir 30 metrar á lengd, rúmir 15 metrar á breidd, þar sem hann er breiðastur, og um 10 metrar á hæð, þar sem hann er hæstur. Þak skálans, sem samkvæmt framansögðu er bogadregið, er nokkuð flatt allra efst, en hallar mjög, eftir því sem neðar dregur, og er snarbratt orðið, þar sem það endar í lóðréttum steinveggjum, um þriggja metra háum. Ofan á veggjum þess-

um og meðfram skálanum endilöngum eru allbreiðar steinrennur. Eftir endilöngu þakinu miðju, um 4 metra frá hvorum gaffli, er samfelld röð af þakgluggum, er mynda eins konar ris um 5 metra breitt. Er gluggaris þetta um 1 metri á hæð, þar sem það er hæst, en á jöðrum þess er hæðin frá þaki skálans um 60 cm. Meðfram þakgluggunum er skálaþakið þegar orðið allbratt.

Að morgni hins 24. júlí umrætt sumar var unnið að því að klæða norðurhlið skálans þakpappa, og vann stefnandi, sem er lærður trésmíður, að því verki ásamt Ingólfi Guðmundssyni trésmíðameistara og nemanda hans, Ingólfi G. Gústafssyni. Á hádegi hættu þeir verki og hugðust ganga niður af skálanum til hádegisverðar. Gengu þeir efst upp á skálann, vestur fyrir þakgluggana og síðan austur með þeim eftir suðurhlið skálans og stefndu að stiga, sem lá uppeftir suðurhliðinni nokkuð fyrir austan miðju. Stefnandi gekk fremstur þeirra félaga, um 1,5 metra til hliðar við þakgluggana, að hann telur, en á leiðinni stöldruðu þeir við og tíndu upp ónotaða nagla, sem lágu þarna á víð og dreif. Skyndilega féll stefnandi niður suðurhlið skálans og kom standandi niður á steinrennu þá, sem áður var minnst á, en hentist af henni til jarðar. Að sögn stefnanda orsakaðist slysið af því, að hann steig á blautan blett á þakinu og rann til, en þakið mun hafa verið blautt vegna undanfarandi rigninga. Annar þeirra manna, sem voru samferða stefnanda í umrætt skipti, kveður stefnanda hafa verið að rétta sig upp frá því að tína upp nagla, er hann féll.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Landspítalann. Leiddi skoðun þar í ljós, að hælbein vinstri fótar hafði brotnað, og var hælbeinið allmikið aflagað. Voru gipsumbúðir lagðar á fótinn, og hafði stefnandi þær í 9 vikur. Lá stefnandi rúmfastur í 11 vikur, en mun hafa byrjað vinnu að nýju í lok nóvember sama ár. Hinn 29. ágúst 1953 mat Bergþór Smári læknir varanlega örorku stefnanda vegna slyssins 18%.

Gísli Halldórsson, formaður íþróttahéimilisnefndar stefnda, gerði teikningu af íþróttahúsinu, en Ingólfur Guðmundsson, sem áður er nefndur, ritaði á teikninguna sem húsasmíðameistari. Hefur Ingólfur þessi skýrt svo frá, að hann hafi verið ráðinn af Gísla Halldórssyni f. h. stefnda til þess að vera verkstjóri við byggingu íþróttahússins. Hafi verið gerður um þetta aðeins munnlegur samningur. Hafi hann samkvæmt samningnum átt að fá tímakaup meistara fyrir vinnu sína svo og smábókun, er greidd hafi verið við lok verksins, fyrir lán á sög og fyrirhöfn utan vinnutíma. Kveðst hann ekki muna nákvæmlega, hvernig þókun þessi var reiknuð, en ef til vill hafi hluti hennar verið fenginn

fram með því að reikna honum ákveðna hundraðstölu af greiddu kaupi undirmanna hans. Ingólfur Guðmundsson kveðst hafa ráðið stefnanda til vinnu við byggingu íþróttahússins, en stefndi hafi annazt um slysaftryggingu verkamanna þeirra, er þarna unnu. Gísli Halldórsson kveðst hafa ráðið Ingólf Guðmundsson til að sjá um umrætt verk. Skyldi hann fá tímakaup meistara, en að auki 6% af vinnulaunum trésmiða þeirra, sem við byggingaframkvæmdirnar ynnu. Hafi þóknun þessi ásamt þóknun þeirri fyrir sögina, sem áður var getið, verið greidd eftir á samkvæmt ósk Ingólfs. Launagreiðslur til starfsmanna við bygginguna hafi gjaldkeri íþróttahéimilisnefndarinnar annazt fyrir hönd stefnda. Þá hafi stefndi séð um greiðslu slysaftryggingariðgjalda. Hafi þessi háttur verið á hafður eftir ósk Ingólfs og með tilliti til þess, að þá hafi ekki þurft að greiða söluskatt af vinnulaunum. Telur hann, að þóknun meistara á þessum tíma hafi almennt verið 10—15%, en þá hafi meistarinn orðið að greiða slysaftryggingargjöld og söluskatt og ef til vill einhver fleiri gjöld. Efniskaup til byggingarinnar kveðst Gísli aðallega hafa haft með höndum og hafi stefndi greitt allt efni. Þá kveðst Gísli enn fremur hafa haft stöðugt eftirlit með byggingaframkvæmdum.

Þess var áður getið, að umræddan morgun hafði verið unnið að því að pappaklæða norðurhlið skálans. Hefur Ingólfur Guðmundsson skýrt svo frá, að hann hafi látið negla lista langsum eftir þakinu, þar sem þess hafi þurft, er unnið var að pappaklæðningu o. fl. Slíkir listar hafi þó engir verið á suðurhliðinni á þessum tíma. Hafi þeir þá fyrir stuttu verið teknir burtu, þar sem ætlunin hafi verið að pappaklæða þá hlið skálans bráðlega. Enginn öryggisbúnaður hafi verið meðfram þakgluggunum né annars staðar á suðurhliðinni utan stigi sá, sem áður greinir, en suðurhliðin hafi verið þéttklædd 1×6 þumlunga óplægðum borðum.

Varðandi leiðir þær, sem um var að ræða niður af skálaþakinu, hefur Ingólfur Guðmundsson skýrt svo frá, að auk þess að fara niður af skálanum sunnan megin hafi einnig verið hægt að komast að norðanverðu niður á skúrbyggingu, sem áföst er skálanum þeim megin. Hafi sú leið verið öruggari. Enn fremur hafi verið um sæmilega greiðfæra leið að ræða inn um þakgluggana, en þeir voru enn rúðulausir á þessum tíma, og niður á vinnupall, sem þar var fyrir neðan, og niður hann eftir stiga. Gísli Halldórsson telur, að mjög hafi það verið óvarlegt af stefnanda að ætla niður af skálanum sunnan megin, þar sem miklu öruggari leið hafi verið að norðanverðu. Hafi átt að fara þá leið, er unnið var

við norðurhliðina. Þá kveður hann hafa verið auðvelt að komast niður með því að fara inn um þakgluggana og niður áðurnefndan vinnupall eftir stiga, sem á hann var negldur. Stigi þessi hafi að vísu verið brattur, en þó greiðfær. Ingólfur G. Gústafsson, sem áður var nefndur, kveður stigann, sem lá upp á skálann að sunnanverðu, hafa verið mikið notaðan og telur, að þeir félagar hafi farið þá leið í umrætt skipti eftir venju. Hins vegar hafi verið greið leið niður af skálanum norðan megin. Þá tekur vitni þetta undir það, sem hér að framan var sagt um möguleika á því að fara niður af skálanum gegnum þakgluggana. Hafi sú leið verið farin, er unnið var við gluggana, en ella venjulega ekki. Starfsmaður einn við húsbygginguna kveðst hafa haft það að venju, er hann gekk eftir skálapakinu, að ganga fast fram með þakgluggunum og hafa hönd á gluggakarminum, þar sem hann hafi ekki talið annað öruggt fyrir sig.

Frásögn stefnanda um það, með hverjum hætti hægt var að komast niður af skálanum, er mjög á annan veg en hér að framan greinir. Er hann var inntur eftir því, hvers vegna hann hefði farið oftnefnda leið í umrætt skipti, kvað hann annan stiga ekki hafa legið niður af skálanum en þann, sem þar var, og um aðra leið niður af skálanum hafi ekki verið að ræða. Hefur stefnandi ekki hvikað frá þeirri staðhæfingu.

Opinber rannsókn var engin framkvæmd út af slysi þessu, og er atvikalýsingin hér að framan að mestu byggð á aðiljayfirheyrslum og vitnaleiðslum, er fram fóru á bæjarþinginu dagana 22. marz og 6. apríl s.l., er rúm 3½ ár voru liðin frá slysinu.

Dómararnir hafa farið á vettvang og kynnt sér staðhætti alla.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi beri fábótaábyrgð á slysinu, þar sem starfsmönnum þess, þeim Gísli Halldórssyni og Ingólfi Guðmundssyni, sem áður voru nefndir og annazt hafi umrætt verk á þess vegum og fyrir reikning þess, hafi orðið þau mistök á að hafa engan öryggisútbúnað á þakinu, en það hafi verið orsök slyssins.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan á því reist, að Ingólfur Guðmundsson hafi verið venjulegur verktaki við oftnefnt verk. Til dæmis hafi hann ráðið stefnanda til verksins og sagt honum fyrir verkum svo og skrifað niður vinnustundir hans og reiknað út kaup hans sem og annarra, er við byggingu hússins unnu. Stefnandi hafi ekki verið starfsmaður stefnda, heldur Ingólfs Guðmundssonar, er lagt hafi 8% á allt kaup hans og annarra starfsmanna. Þá hafi Ingólfur Guðmundsson ritað á teikningu hússins

sem byggingarmeistari og borið ábyrgð á því, að það væri byggt í samræmi við reglur gildandi byggingasamþykktar.

Á þeim tíma, sem framangreind bygging var reist, var þóknun meistara, sem tók að sér umsjón bygginga, samkvæmt samningi milli Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík og Trésmiðafélags Reykjavíkur, 15% af greiddum vinnulaunum auk sérstakrar þóknunar fyrir að árita uppdrátt. Skyldi þá verkkaupi greiða orlof, slysatriggingu og söluskatt.

Þegar það er virt, sem hér að framan var rakið um skipti Ingólfs Guðmundssonar og stefnda út af byggingu íþróttahússins, og þess gætt, hver afskipti stefndi hafði af verkinu, einkum þó Gísli Halldórsson, sem er sérfróður um húsagerð, þá verður Ingólfur Guðmundsson ekki talinn hafa verið sjálfstæður verktaki. Þykir stefndi því ekki leystur undan fébótaábyrgð á tjóni þeirra manna, er að verkinu unnu, og rekja má til skorts á fullnægjandi öryggisútbúnaði og eftirliti með framkvæmd þess. Verður því krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts ekki tekin til greina.

Eins og að framan greinir, hafði stefnandi unnið norðan megin á skálanum umræddan morgun, og lá því beinast við að fara niður af skálanum þeim megin, en telja verður, þrátt fyrir að stefnandi hafi eindregið synjað fyrir það, að þar hafi verið um sæmilega greiðfæra leið til niðurgöngu að ræða. Með vísun til þess og þegar þess jafnframt er gætt, að mjög þykir hafa á það skort, að tilhlýðilegur öryggisútbúnaður væri á sunnanverðu skálapakinu, var ekki einasta óþarft, heldur einnig mjög óvarlegt að fara niður af skálanum þá leiðina, enda þótt hún kunni að jafnaði að hafa verið mest farin. Þá var og mjög óvarlegt af stefnanda að ganga út á þakið og beygja sig eftir nöglum, sem þar lágu, enda þótt hvorki nyti halds né fótfestu og sjá mátti fyrir þá hættu, að þakið væri sleipt vegna undanfarandi rigningar. Á hinn bóginn er á það að líta, að Ingólfur Guðmundsson, yfirmaður stefnanda, virðist ekki einasta hafa látið það óátalið, að stefnandi fór að eins óvarlega og að framan er lýst, heldur sýndi sjálfur af sér sama gáleysið.

Telja verður samkvæmt framansögðu, að skortur á öryggisútbúnaði hafi að verulegu leyti verið orsök slyssins. Með skírskotun til þess og þegar atvik öll að slysinu eru virt, þykir rétt að stefndi beri fébótaábyrgð að sjötíu hundraðshlutum á tjóni því, sem stefnandi kann að hafa beðið við slysið.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt með-dómsmönnum Einari B. Kristjánssyni og Ragnari Þórarinssyni húsasmíðameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Knattspyrnufélag Reykjavíkur, ber fábótaábyrgð að sjötiu hundraðshlutum á tjóni því, sem stefnandi, Jón Á. Ketilsson, kann að hafa beðið við framangreint slys.

Stefndi greiði stefnanda kr. 4.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. júní 1957.

Nr. 75/1957. Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Áburðarverksmiðjunni h/f
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um fasteignagjald.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfégeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl þ. á., gerir þær dómkröfur, að lagt verði fyrir fégeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Fallast ber á þá röksemd héraðsdómara, að orðalag 9. gr. laga nr. 40/1949 um undanþágu stefnda frá greiðslu allra skatta og opinberra gjalda nema útsvars til sveitarsjóðs sé svo viðtækt og ótvírætt, að stefndi sé með ákvæði þessu